

Fljótshérað – Fjárhagsáætlun 2011.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótshéraðs miðvikudaginn 1. des. 2010 og var henni vísað til seinni umræðu sem verður þann 15. des. n.k..

Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 19,5 millj. kr. rekstarafgangi í samstæðureikningi A- og B hluta sveitarfélagsins. Þar af er gert ráð fyrir um 0,5 millj. kr. afgangi í A-hluta sem er hinn eiginlegi sveitarsjóður en það eru Aðalsjóður og Eignasjóður. B-hluti samstæðureiknings eru þau fyrirtæki sem eru að meirihluta eða að fullu í eigu Fljótshéraðs og þjónustutekjur standa alfarið undir rekstarútgjöldum. Þau eru Félagslegar íbúðir, HEF ehf, Brunavarnir á Héraði, Minjasafn Austurlands, Dvalarheimili aldraðra og Atvinnumálasjóður.

Veltufé frá rekstri í samstæðunni nemur um 345 millj. kr. en þar af eru 224 áætlaðar hjá A hluta. Framlegð nemur um 611 millj. í samstæðu A og B hluta eða 22% af rekstartekjum. Þar af nemur framlegð í rekstri A hlutans um 445 millj. kr. eða 18%.

Afborganir lána eru áætlaðar að nemi um 354 millj. kr. á árinu 2011 í samstæðunni, þar af 296 millj. hjá A hlutanum. Heildarskuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 6.928 millj. kr. í árslok 2011 hjá samstæðu A og B hluta eða 249% af áætluðum rekstartekjum. Þar af nema skuldir og skuldbindingar A hluta um 5.272 millj. kr. eða 213% af rekstartekjum.

Fljótshérað hefur átt í samskiptum við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga í ljósi þungrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Þessi samskipti hafa verið í formi reglulegrar upplýsingargjafar. Boðuð hefur verið lagasetning um fjármálaireglur sveitarfélaga og þegar verið lögð fram tillaga að þeim reglum sem sveitarfélagið hefur þegar ákveðið að laga sig að.

Hliðsjón var höfð af fyrirhugaðri lagasetningu og þeim takmörkunum sem sveitarfélögum verða þar settar er viðmið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 voru sett.

Helstu viðmið eru:

- *Jafnvægi skal vera á milli samanlagðra rekstartekna og gjalda A- og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili.*
 - *Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótshéraðs fyrir árið 2011 verður afgangur af rekstri bæði A- og B- hluta á árinu.*
 -
- *Framlegð rekstrar (niðurstæða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) skal vera á bilinu 15 – 20%.*
 - *Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótshéraðs fyrir árið 2011 verður framlegðarhlutfall A-hluta tæp 18% og í samstæðu A- og B-hluta tæp 22%.*

- *Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nemi ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum af langtímalánum.*
 - *Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2011 mun vanta um 10 millj. kr. upp á að þetta markmið náist fyrir samstæðuna á því ári en samkvæmt drögum að þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir því að þetta markmið náist fyrir samstæðuna árið 2012 og fyrir A-hluta einan og sér árið 2013.*
- *Skuldir og skuldbindingar samstæðu (A- og B-hluta) fari ekki yfir 250% af skilgreindum tekjum.*
 - *Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2011 verður skuldahlutfall A-hluta tæp 213% og samstæðu um 249%.*

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að ákveðnum breytingum á stjórnskipulagi Fljótsdalshéraðs. Að hluta til hafa þær hlotið formlega afgreiðslu í bæjastjórn en að hluta til eru þær enn í vinnslu. Þegar að þær hafa náð fram að ganga að fullu mun deildarstjórum hjá sveitarfélaginu hafa fækkað um þrjá og er tekið tillit til þessa í fjárhagsáætlun 2011. Meðan á þessum breytingum stendur má reikna með auknu álagi á almenna starfsmenn og stjórnendur en þegar að fram í sækir á slíkt að færast í eðlilegt horf. Þeim starfsmönnum sem nú hverfa til starfa á öðrum vettvangi eru þökkuð vel unnin störf hjá sveitarfélaginu og er óskað velfarnaðar í nýjum vettvangi.

Samhliða breyttu stjórnskipulagi er unnið að flutningi verkefna á milli sviða og má sem dæmi nefna flutning fráveitu til Hitaveitu sem mun taka gildi frá og með næstu áramótum.

Framundan á árinu 2011 eru ýmis stór verkefni og ber þar hæst yfirtakan á málaflokki fatlaðra frá og með næstu áramótum. Starfsfólk Fljótsdalshéraðs hefur, í samvinnu við önnur sveitarfélög á Austurlandi og starfsfólk svæðisskrifstofu fatlaðra á svæðinu unnið ötullega að undirbúningi þessa máls. Viðbúid er að einhverjir hnökrar muni koma upp vegna þessa á árinu en verða þeir leystir með sóma af því ágæta starfsfólki sem mun annst þennan málaflokk í framtíðinni.

Þessu til viðbótar er vert að minnast á unglíngalandsmát UMFÍ, sem haldið verður á Egilsstöðum næsta sumar, en hafin er vinna við undirbúning þess í samvinnu við starfsmenn UMFÍ.

Unnið er að ýmsum framtíðarverkefnum s.s. byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Egilsstöðum í samstarfi við HSA. Bygging hjúkrunarheimilisins er löngu orðin tímabær og vonir standa til þess að hægt verði að koma verkefninu í formlegan farveg fljótlega á næsta ári og búa öldruðum þar með þá umgjörð sem þeim ber og efla í leiðinni atvinnustigið á svæðinu og rekstur HSA.

Unnið er að framkvæmdahugmyndum á vegum Hitaveitu Egilsstaða og Fella sem eru til þess fallnar að styrkja framtíðarhorfur í rekstri hitaveitunnar um leið og þær framkvæmdir eiga að geta haft jákvæð áhrif á starfsemi iðn- og jarðvegsverktaka á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

